

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðferð sorps í tunnum eins og nú er viðhöfð á Selfossi í dag skal með samþykkt þessari um sorphreinsun á Selfossi, felld niður og upp tekin í staðinn meðferð sorps í pokakerfi, eins og samþykkt þessi mælir fyrir um. Þó skal hlutaðeigandi gefinn kostur á aðlögun varðandi þessa breytingu úr tunnukerfinu yfir í pokakerfið til 31. desember 1983. 1. janúar 1984 skulu hlutaðeigandi sbr. samþykkt þessa þá þegar hafa komið sér upp aðstöðu fyrir pokakerfi, en þá verður sorphreinsun með tunnukerfi hætt og eingöngu hreinsað sorp samkvæmt pokakerfi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. mars 1983.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 311

4. maí 1983

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir Byggingarsamvinnufélag Bandalags háskólamanna (BHM).**

Skv. lögum nr. 59 30. apríl 1973, sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag Bandalags háskólamanna (BHM).

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 312

24. maí 1983

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 152 8. mars 1983, um bann við togveiðum út af Vestfjörðum.**

1. gr.

Í stað orðanna „10. júní 1983“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 26. maí 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*